

75. fundur skráningarráðs haldinn 12. febrúar 2014 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 9-11

Fundarmenn: Þóra Sigurbjörnsdóttir, Sigrún Marelsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis og Sveinbjörg Sveinsdóttir (að hluta)

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Farið var yfir fundargerðina og hún samþykkt.
2. **Undanþágubeiðnir vegna skráningarnámskeiðs.** Fyrirliggjandi undanþágubeiðnir samþykktar.
3. **Endurskoðun 856 skjalsins.** Rætt um að skipa hóp til að endurskoða 856 skjalið. Þóra mun fara þess á leit við Önnu Kristínu Stefánsdóttur, Magnhildi Magnúsdóttur, Hallfríði Kristjánsdóttur og Rósu Jónsdóttur að skipa þennan hóp.
4. **Snjallbækur.** Færsla 1332051 skoðuð. Ákveðið var að athuga með dæmi í öðrum söfnum um meðferð QR-kóða.
5. **Vefnámskeið** (sjá neðar)
6. **Útgáfuskipti.** Lokunardagar verða 21.-23. maí (miðvikudag til föstudag) vegna yfirfærslu í útgáfu 22. Helstu breytingar snúa að undirliggjandi kerfum sem bæta virkni. Breytingar sem snúa að útlánaþætti eru helstar þær að áfallnar sektir sem ekki eru gjaldfallnar munu sjást betur. Breytingar sem snúa að skráningaþætti eru þær að svið sem tilheyrir RDA koma ekki upp sem villumeldingar.
(Sigrún Hauksdóttir)

Sveinbjörg kemur á fundinn

- 7. Vefnámskeið (5).** Þóra talar um vefnámskeið á vegum ALA.
Starfsfólk á Landbókasafni mun sitja námskeiðið í tveimur hópum.
Þóra, Áslaug og Rósa ásamt Sigrúnu Hauksdóttur (og kannski fleirum frá Landskrefi) munu sitja sama námskeið. Afrakstur námskeiðsins verður líklega kynntur á fræðslufundi 4. apríl.
- 8. Sarpur (7).** Sigurður Trausti Traustason kynnir Sarp og helstu viðfangsefni hans og leitar álits um stofnun skráningarráðs. Samvinna styrkir báða aðila, þá sérstaklega hvað varðar mannanöfn.
- 9. Önnur mál (8).** Sýnishorn á rafbókaskráningu frá BIBSYS skoðuð.
Einnig voru skoðuð sýnishorn frá DNB á fjölbindaverkum.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11 og næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 12. mars 2014.